




Borgarstjórnin í Reykjavík

	
Reykjavíkurborg Skipulagsfulltrúi	
Mótt.	25. MAR. 2019
	sign
Skjalnúmer.	Ábmr.

Reykjavík, 14. mars 2019  
R19030115  
6631  
dmh

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### **Veltusund 3B - deiliskipulag**

Á fundi borgarráðs þann 14. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. mars 2019, sbr. synjun skipulags- og samgönguráðs frá 6. og 13. mars 2019 á breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, ásamt fylgiskjölum. R19030115 Synjun skipulags- og samgönguráðs staðfest.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

Miklar breytingar hafa verið á heimildum vegna gististarfssemi í miðborg Reykjavíkur á undanförunum árum. Fjölmargir aðilar hafa unnið að gerð gistiíbúða og fengið samþykktar teikningar hjá borginni. Ástæða er til að endurskoða þær reglur sem í gildi eru með tilliti til þeirrar stöðu sem er í miðborginni. Hætta er á að fjölmargar einingar nýtist illa sem íbúðir og sé bannað að nýta í gistingu. Slíkt gagnast engum. Rétt væri að skoða aðlögun að breyttum veruleika með heildstæðri endurskoðun.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Árið 2015 var samþykkt að setja kvóta á hótél- og gistirými í Kvosinni í takt við húsnæðisstefnu borgarinnar og Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 svo unnt væri að vinda ofan af þróun sem ógnaði jafnvægi byggðar og hverfisins þar sem íbúðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði fór fækkandi og fjölbreytt þjónusta í hverfinu og á svæðinu minnkaði. Það hefur sýnt sig að ákvörðunin hefur haft jákvæð áhrif á samsetningu svæðisins og íbúabyggð. Ekki er talin ástæða til að skipta um kúrs í þessum efnunum og leyfa fleiri hótél- og gistirými en kvótinn kveður á um.

Helga Björk Laxdal

e.u.